

Mál nr. 1/2013
Fjölur
gegn
KR

Kæra Fjölur

Dómkröfur:

Að leikurinn fari 3-0 fyrir Fjölni

Málavextir:

Í leik KR-Fjölur í Reykjavíkurmóti meistaraflokks kvk, fór leikmaður KR Birna Rún Erlendsdóttir útaf á 45 mín en kom aftur inná á 89 mín þótt að fleiri ónotaðir varamenn voru til staðar. Sjá fylgiskja 1(leikskýrsla)

Tilvísun:

Leikmaður sem skipt er útaf er ekki heimilt að koma aftur inná.

Röksemdir:

Í öllum leikjum á vegum KSÍ er leikmanni sem hefur verið skipt útaf ekki leyfilegt að koma inná nema í 7 manna mótum.

Sönnunargögn:

Leikskýrsla frá leik KR-Fjölur 20/1.2013

Viðringarfyllst,

f.h. Fjölur

Guðmundur L. Gunnarsson

Greinargerð KR

KR mun ekki halda upp vörnum í málinu. Reglur um innáskiptingar eru skýrar.

Viljum koma því áleiðis að aðstoðardómari fái kurteislegar upplýsingar um reglur innáskiptinga, en hann veitti heimild til þessarar skiptingar í leiknum.

Það undanskilur samt ekki okkar þjálfara að fara eftir knattspyrnureglum.

Kveðja,

Jónas Kristinsson

Framkvæmdastjóri KR

Úrskurður frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2013, fimmtudaginn 14. febrúar, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Halldóri Frímanssoni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2013:

Knattspyrnudeild Fjölnis
gegn

Knattspyrnudeild KR

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Fjölnis, kt. 631288-7589.
Fossaleyni 1,
112 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Guðmundur L. Gunnarsson.

Kærði:

Knattspyrnudeild KR, kt.591184-0169.
Frostaskjóli 2,
107 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Jónas Kristinsson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 23. janúar sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 1. febrúar sl. Greinargerð kærða er dagsett 1. febrúar sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur KR og Fjölnis í m.fl. kvenna, í Reykjavíkurmóti, sem fram fór kl. 14.00 sunnudaginn 20. janúar 2013 í Egishöll, verði breytt og Fjölni dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna.

Í greinargerð kærða kemur fram að kærði muni ekki halda uppi vörnum.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik KR og Fjöltnis í m.fl. kvenna, í Reykjavíkurmóti, sem fram fór sunnudaginn 20. janúar sl., hafi leikmaður KR nr. 8 skipt út af leikvelli á 45 mínútu leiksins og síðan skipt inn á leikvöllinn á 89 mínútu leiksins.

Kærandi vísar til meðfylgjandi leikskýrslu, sem staðfestir umræddar skiptingar.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til 32. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, um meistaraflokk kvenna þar sem segir að heimilt sé að setja 3 varamenn inn á í leik.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag KR, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Fjölni þann 20. janúar 2013 í leik í m.fl. kvenna, Reykjavíkurmóti.

Fyrir liggur í gögnum málsins að lið KR skipti inn á leikmanni, sem áður í leiknum hafði verið skipt út af í leiknum. Með vísan til ákvæða 32. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót telst hið kærða félag hafa verið ólöglega skipað og þar með brotið gegn ákvæðum 40. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Fjölni, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna þann 20. janúar 2013 í m.fl. kvenna, Reykjavíkurmóti.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V..

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik KR og Fjöltnis í leik liðanna sem fram fór í Egishöll kl. 14.00, þann 20. janúar 2013 í m.fl. kvenna, Reykjavíkurmóti, er breytt og Fjölni dæmdur 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, KR, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson

Halldór Frímannsson

Helgi R. Magnússon